

Ed.

409. Nefndarálit

[153. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar, fengið umsagnir um það og rætt efni þess við Ólaf W. Stefánsson deildarstjóra.

Með frv. eru tjónabætur vegna umferðarslysa að hluta lagðar á þá, sem að lögum bera ábyrgð á ökutæki og tjóni því, sem ökutækið veldur. Það er þeirra mál, sem hafa tjáð sig um efni frv., að stefnt sé í rétta átt, en allir leggja þeir áherzlu á, að aðrar ráðstafanir þurfi samhliða að gera á sviði umferðarmála.

Óþarft er að lýsa, hversu alvarlega fjölgar slysum, sérstaklega hin síðari ár, og hver nauðsyn er, að allt, sem unnt er, sé gert til að auka umferðaröryggið.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 6. marz 1972.

Björn Fr. Björnsson,
form., frsm.

Geir Gunnarsson,
fundaskr.

Magnús Jónsson.

Halldór Kristjánsson.

Eggert G. Þorsteinsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alexander Stefánsson.